



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 1/2015

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Stefni hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 1/2015 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2015 um lykilupplýsingar verðbréfa- og fjárfestingasjóða

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Stefnir. hf	I. 4.	Leiðbeinandi tilmælin skilgreina viðmiðunarreglur ESMA sem hluta af leiðbeinandi tilmælunum. Eðlilegt er að gera áskilnað um hvaða skjal gildi komi upp misræmi.
2	Stefnir. hf	II. 1.5.	Leiðbeinandi tilmælin vísa til viðmiðunarreglna ESMA. Ef til vill færi betur á því að vísa til leiðbeinandi tilmælanna sjálfra.
3	Stefnir. hf	II: 3.2. Leturstærð	Í drögnum kemur fram að hæfilegt sé að nota 10 og 11 punkta letur að teknu tilliti til leturgerðar. Taka ætti fram að með notkun dálka megi nota lítillaga smærra letur, sbr. bls. 8 í leiðbeiningum CESR.
4	Stefnir. hf	III: 1.3.	Í drögnum er vísað til tekjudreifingar. Í leiðbeiningum CESR er notast við orðasambandið "distribution of income". Líklega færi betur á því að skýra inntak íslenska orðsins m.t.t. þess að umfjöllunarefnið virðist vera arðgreiðslur og aðrar tekjur.
5	Stefnir. hf	III. 1.4.	Í drögnum er orðið "talnafræðileg" notuð um enska orðið "arithmetic". Þar er líklega frekar rétt að nota hreint meðaltal fyrir arithmetic mean, sbr. orðaskrá Íslenska stærðfræðifélagsins.
6	Stefnir. hf	IV: 1.1.	Í drögnum kemur fram að setja beri verklagsreglur um aðferð við útreikning á upphæð viðvarandi gjalda. Í leiðbeiningum CESR um aðferðafræði við útreikning á upphæð viðvarandi gjalda er hins vegar kveðið á um að koma beri á verklagi sem sé í samræmi við efni leiðbeininganna (e. establish procedures that are consistent with ...). Ætla verður að reglugerðin ásamt leiðbeiningum FME sem vísa til leiðbeininga CESR séu fullnægjandi skýring verklagsins og að eðlilegra væri að kveða á um skyldu rekstraraðila til að tryggja að verkferlar séu í samræmið við ákvæði leiðbeininganna.
7	Stefnir. hf	IV: 1.6.	Í IV 1.6 í drögnum kemur fram undir a-lið að taka skuli tillit til viðskiptatengdra greiðslna til aðila sem taldir eru upp í 1.4 (a) eða (b) séu þeir ótengdir verðbréfasjóðnum. Þetta virðist leiða til ósamræmis í textanum. Þegar litið er til frumtextans í leiðbeiningum CESR verður að telja líklegra að átt sé við aðra og taka skuli tillit til greiðslna til þessara aðila ef ekki er um að ræða verkefni sem þeir bera ábyrgð á skv. hlutverki sínu gagnvart sjóðnum. Þannig bæri að reikna miðlunarþóknun sem greidd er vörsluaðila inn í kostnaðarhlutfallið en ekki ef sú þóknun væri greidd til þriðja aðila.
8	Stefnir. hf	Viðauki	Í 4.1.2 kemur fram að óheimilt sé að breyta eða sleppa skýringartextanum í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Þær leiðbeiningar eru í samræmi við ákv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Texti

			<p>viðaukans er þó ekki í samræmi við ákvæði 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.</p> <p>Textinn „lykilupplýsingar fagjáfesta“ ætti sennilega að vera meira áberandi sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Þá færi vel á því að sett væri inn viðmið um það hvað telst áberandi.</p>
--	--	--	--